



Alþingi  
Erindi nr. **D 122/944**

# VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS **2.3.198**

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
  
150 REYKJAVÍK

GARÐASTRÆTI 41 SÍMI 511 5000  
Garðastræti 41 Tel. 354-511 5000 - Fax. 354 511 5050  
PÓSTHÓLF 520 121 REYKJAVÍK ÍSLAND  
P.O. Box 520 121 Reykjavík Iceland

TILV. YDAR  
Your ref.

BRÉF YDAR  
Your letter

TILV. VOR  
Our ref.

DAGS  
Date

HS/jg

Rvk. 2.3.1998.

Vinnuveitendasambandi Íslands barst á sl. vori til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn. Í umsögn sinni gerði Vinnuveitendasambandið alvarlegar athugasemdir við ákvæði 12 gr. frumvarpsins um skyldu lögmanna til að hafa skrifstofu opna almenningi. Ástæða þess er að sú grundvallarbreyting sem þar er lögð til skerðir mjög möguleika samtaka á borð við Vinnuveitendasambandið til að láta félagsmönnum sínum í té lögfræðilega þjónustu en slík aðstoð er eitt af þeim verkefnum sem sambandinu er ætlað að sinna.

Vinnuveitendasambandið hefur löngum haft lögmenn í sinni þjónustu sem eðlilega bera sömu skyldur og fylgja sömu reglum í störfum sínum og almennt gildir um lögmenn svo sem varðandi starfsábyrgðartryggingu. Það er því ekki verið að fara fram á neinar undanþágur eða sérákvæði hvað það varðar. Vandinn snýr einvörðungu að kröfu frumvarpsins um að lögmenn hafi skrifstofu opna almenningi. Undanþáguheimild 1. tl. 2. mgr. 12. gr. varðandi þá sem gegna föstu starfi hjá einkaaðilum kemur ekki að fullu gagni. Hún er háð því skilyrði að viðkomandi lögmaður veiti einungis þeim aðila og engum öðrum þjónustu sem lögmaður. Þegar um félagasamtök er að ræða eru móttakendur þjónustunnar á hinn bóginn iðulega einstakir félagsmenn, a.m.k. formlega, jafnvel þó þjónustan sé veitt á vegum samtakanna.

Þegar um er að ræða dómsmál sem hafa almenna þýðingu fyrir aðildarfyritækin þykir eðlilegt að Vinnuveitendasambandið sjái um rekstur mála. Vinnuveitendasambandið rekur þannig ekki aðeins mál fyrir Félagsdómi, þar sem það er aðili máls, sbr. 45. gr. 1. 80/1938. Sambandið tekur einnig að sér að sjá um rekstur einstakra mála fyrir félagsmenn sína. Fyrirgreint skilyrði frumvarpsins útilokar að samtökin geti áfram falið föstum starfmönnum sínum slík störf þar sem samtökin eru sjaldnast formlegur málsaðili. Engar röksemdir eru færðar fram í frumvarpinu eða skýringum með því fyrir þessarri breytingu. Verður því ekki séð á hvaða rökum hún er byggð eða hvaða nauðsyn þar býr að baki.

Rétt er að benda á að hvorki norsk, sænsk né dönsk lög hindra að samtök á borð við Vinnuveitendasamband Íslands veiti félagsmönnum sínum lögmennsþjónustu. Slík þjónusta er hluti af starfsemi slíkra samtaka í þessum löndum. Starfsmenn þeirra reka reglulega mál fyrir hönd félagsmanna samtakanna fyrir dómstólum. Á það jafnt við um samtök vinnuveitenda og launþega.



Með vísan til þessa leggur Vinnuveitendasambandið til að frumvarpinu verði breytt þannig að við 2. mgr. 12. gr. bætist nýr málslíður sem verði 3. tl., svohljóðandi:

3. gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum enda veiti hann engum öðrum en samtökunum sjálfum eða félagsmönnum þeirra þjónustu sem lögmaður.

Með þeirri breytingu væri opnuð ásættanleg leið til undanþágu frá annars ófrávíkjanlegri kröfu frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast til hjálagðrar umsagnar, dags. 1.4.1997 og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram.

Virðingarfyllst,

Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri.



A. 6,1

## VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templanarasund

150 REYKJAVÍK

GARÐASTRÆTI 41  
Garðastræti 41

PÓSTHÓLF 520  
P.O. Box 520

SÍMI 511 5000  
Tel. 354-511 5000 - Fax. 354 511 5050

121 REYKJAVÍK  
121 Reykjavík

ÍSLAND  
Iceland

TILV. YÐAR  
Your ref.

BRÉF YÐAR  
Your letter

TILV. VOR  
Our ref.

ÞAGS  
Date

ÞVP/sj

Rvk. 1.4.1997

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn, 255 mál, heildarlög.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að sérréttindi lögmanna verði enn aukin þannig að einkaréttur þeirra til málflytnings taki einnig til Félagsdóms. Enginn rökstuðningur fylgir þessari breytingu en hingað til hefur tíðkast að löglærðir starfsmenn aðila flytji mál fyrir Félagsdómi án þess að lögmansréttinda sé krafist. Ekki er vitað til að sú framkvæmd hafi valdið vandkvæðum.

Í annan stað er lagt til í 12. gr. frumvarpsins að lögmanni sé gert skylt að hafa skrifstofu opna almenningi. Frá þessu skilyrði má sækja um undanþágu gegni lögmaður föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila en þá því aðeins að hann veiti aðeins þeim aðila lögmansþjónustu. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða sem skerðir mjög möguleika samtaka á borð við Vinnuveitendasambandið til að láta félagsmönnum sínum í té lögfræðilega þjónustu.

Vinnuveitendasambandið hefur lengi haft lögmenn í þjónustu sinni. Þeir veita félagsmönnum sambandsins lögfræðilega ráðgjöf og annast málflytning. Er þar bæði um að ræða mál sem Vinnuveitendasambandið er beinn aðili að og rekin eru fyrir Félagsdómi og eins dómsmál sem höfðuð eru á hendur einstakra aðildarfyrirtækja sambandsins eða af þeim. Í síðara tilvikinu er oftast um að ræða mál sem hafa almenna þýðingu fyrir atvinnureksturinn í landinu og Vinnuveitendasambandið því tekið að sér að reka. Þá getur verið um að ræða mál sem aðildarfyrirtæki óskar sérstaklega eftir að rekin séu lögmönnum Vinnuveitendasambandsins vegna þeirrar sérþekkingar sem þeir hafa aflað sér á viðkomandi sviði. Vinnuveitendasambandið hefur lagt áherslu á að byggja upp sérþekkingu á sviði vinnuréttar. Þessi þjónusta er einn af grundvallarþáttunum í starfi samtakanna. Iðgjöld aðildarfyrirtækjanna til sambandsins byggja m.a. á þeirri forsendu að þau eigi betri aðgang að lögfræðiþjónustu á þessu sviði en vera myndi, stæðu þau utan samtakanna.

Sú regla sem hér er lögð til yrði því beinlínis til skaða ekki aðeins fyrir Vinnuveitendasambandið og aðildarfyrirtæki heldur einnig önnur samtök sem leitast við að byggja upp sérþekkingu í þágu félagsmanna sinna. Starfsemi slíkra samtaka hlýtur ávallt að beinast fyrst og fremst að eigin félagsmönnum en ekki öllum almenningi.



Sú ástæða sem nefnd er í greinargerð að með þessu sé verið að auðvelda eftirlit er ekki á rökum reist. Lögmennt Vinnuveitendasambandsins hafa starfsábyrgðartryggingu sem og aðrir lögmennt. Sama gildir um starfandi lögmennt í fjölda aðildarfyrirtækja VSI, s.s. tryggingarfélagum og eru engin rök fyrir því að þeir þurfi að eiga starfsréttindi sin undir sérstakri undanþágu dómsmálaráðherra. Um þá hljóta á hinn bóginn að gilda allar sömu reglur og um aðra lögmennt, þ.m.t. reglur um meðferð fjármuna, ábyrgðir og tryggingar. Eftirlit með starfsemi á ekki að vera erfiðleikum bundið. Hvort þjónustan er opin öllum almenningi eða ekki breytir engu í því efni.

Þegar á allt er litið sýnast framangreind ákvæði frumvarpsins einkum eiga að tryggja þeim félagsmönnum tiltekins hagsmunafélags, Lögmannafélags Íslands, sem halda úti sjálfstæðri atvinnustarfsemi, einkarétt á öllum málflytningi fyrir dómstólum. Það myndi torvelda fyrirtækjum og frjálsum félagsamtökum á borð við Vinnuveitendasamband Íslands að þjónusta viðskipta- og félagsmennt og byggja upp sérþekkingu á tilteknum sviðum. Það skerðir athafna- og atvinnumöguleika þeirra lögmannt sem ráðist hafa til starfa hjá þessum aðilum. Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir þeirri breytingu sem auk heldur gengur í berhögg við grunnreglur stjórnarskrár.

Með vísan til ofangreinds mælist Vinnuveitendasambandið eindregið til þess að virðuleg allsherjarnefnd bæti úr umræddum ágöllum á frumvarpinu, þannig að ekki verði kreppt að möguleikum fyrirtækja og samtaka til að hafa í eigin þjónustu lögmennt með fyllstu réttindi til málflytninga. Að öðrum kosti mæli Vinnuveitendasambandið eindregið með því að málið verði fellt.

Virðingarfyllt,

Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri.